

Miðvikudaginn 28. febr. 1923.

Nr. 59/1922. Eigandi Valdaráss með Valdarásseli og umboðsmaður jarðarinnar Króka, Gunnar Kristófersson

(Magnús Guðmundsson)

gegn

eigendum Viðidalstungu með hjáleigum, Teiti Teitssyni og Þórði Guðmundssyni sem umboðsmanni hálfrar jarðarinnar

(Pjetur Magnússon).

Landamerkjамál.

Dómur landamerkjadóms Húnavatnssýslu 22. maí 1922: Landamerki milli jarðanna Viðidalstungu með hjáleigum og Valdaráss með Valdarásseli og Krókum skulu vera þessi: Úr Hesti við Fitjaá beina línu í Steinaborg, úr henni beina línu upp í Tunguás í stein merktan L., þaðan sömu línu 50 metra upp á sinn, þaðan beina línu suður ásbrúnirnar í miðjuna á kringlöttu móaholti rjett fyrir vestan Rústar eða Tungukotstún, þaðan beina línu í norðvestur jaðar Sauðholts, þar til hún sker beina línu, sem dregin er um Hesthól frá vestri til austurs.

Af borgun til dómenda, samtals 300 kr., greiði sækjendur Teitur Teitsson og Þórður Guðmundsson in solidum 100 kr., en varnaraðili Gunnar Kristófersson 200 krónur. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaöföör.

Dómur hæstarjettar.

Með þeirri athugasemd, að framlögðum uppdrætti, sem ekki er gerður samkvæmt 17 gr. landamerkjalaganna nr. 41, 28. nóv. 1919, hefir verið mótmælt og að ekki verður bygt á framburði þeirra vitna, sem leidd hafa verið eftir uppkvaðningu merkjadómsins, án þess stefndu væri gefinn kostur á

að gæta rjettar síns við vitnaleiðsluna og með því að áfrýjandi hefir ekki að öðru leyti upplýst hjer fyrir rjettinum, að neinar þær ástæður sjeu fyrir hendi, er heimili að fella hinn áfrýjaða landamerkjadóm úr gildi samkvæmt 15. gr. landamerkjalaganna, ber að staðfesta dóminn.

Áfrýjanda ber að greiða hinum stefndu málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 250 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadóminum skal óraskað. Áfrýjandi Gunnar Kristófersson, greiði hinum stefndu Teiti Teitssyni og Þórði Guðmundssyni 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hafa höfðað Teitur Teitsson, eigandi hálfleðunnar Víðidalstungu og tilheyrandi hjáleigna, og Þórður Guðmundsson umboðsmaður hins helmings nefndrar jarðeignar, gegn Gunnari Kristóferssyni, kaupmanni og fyrverandi hreppstjóra, eiganda jarðarinnar Valdaráss með Valdarásseli og umboðsmanni jarðarinnar Króka, allra liggjandi í Þorkelshólshreppi.

Hafa sóknaraðiljar gjört þær rjettarkröfur, að landamerkin milli Víðidalstungu með hjáleigum og Valdaráss með Valdarásseli og Krókum verði ákveðin þannig: Frá Hestkletti við Fitjaá beint upp í Steinaborg; þaðan upp í Tunguás þar til sjer heim að Valdarási, og svo suður eftir Tunguási sem sjer heiman frá Valdarási um móaholt fyrir vestan Rúst, eins og merkin hafa verið haldin frá ómunatíð og í vestanvert Sauðholt, þar sem það nær lengst vestur og þar í það, sem mætist holtið og fláin.

Varnaraðili hefir hins vegar gjört þá rjettarkröfu, að landamerkin milli Víðidalstungu með hjáleigum og Valdaráss með Valdarásseli og Krókum verði ákveðin þannig: Frá Hestkletti við Fitjaá, þaðan til austurs í Steinaborg; úr Steinaborginni suð-

úr og upp í vörðuna, sem er norðantil á há Tunguási; frá þeirri vörðu eptir sama ás til suðurs sem sjest heiman frá Valdarási; þaðan beina línu sjónhending í vestanvert Sauðholt.

Báðir málsaðiljar hafa auk þess gjört málskostnaðarkröfu.

Í landamerkjaskrá fyrir Viðidalstungu með hjáleigum, dags. 23. mars 1890 (rskj. nr. 6.), eru merkin milli nefndra jarða og Valdaráss (með Valdarásseli og Krókum) talin úr Hesti beint í Steinaborg; þaðan upp í Tunguás þar til sjer heim að Valdarási, og svo suður eftir Tunguás, sem sjer heiman að frá Valdarási, og þaðan rjettsýnis í vestanvert Sauðholt.

Í landamerkjabrjefi fyrir Valdarási (með Valdarásseli og Krókum) dags. 28. júlí 1890, rskj. nr. 13, eru landamerkin milli þessara jarða og Viðidalstungu með hjáleigum talin úr Hesti til austurs í Steinaborg; úr Steinaborginni suður og upp í vörðuna, sem er norðantil á há Tunguási, frá þeirri vörðu eftir sama ás til suðurs, sem sjest heiman frá Valdarási; þaðan beina línu sjónhending í vestanvert Sauðholt.

Dómendurnir hafa ásamt málsaðiljum skoðað staðhátta, og gjört hina lögboðnu áreið á merkjalínuna, sem er afarlöng. Undir áreiðinni kom málsaðiljum saman um merkið Hest, og sömuleiðis um það, að merkið í Steinaborginni, sje hinn hæsti og ummáls mesti klettur á borginni. — Ennfremur kom málsaðiljum saman um það, að merki það í Sauðholti, sem nefnt er í rskj. nr. 6 og 13 skyldi vera eða væri í norðvestur jaðri Sauðholts, fyrir utan og neðan Sauðholtsgren. — Hinsvegar hafa dómendurnir ekki getað fundið vörðu þá, sem rskj. nr. 13 talar um að sje norðantil á há Tunguási, með því, að rjetturinn getur ekki fallist á það, að varða sú uppi á ásnun, er varnaraðili benti á undir áreiðinni geti verið hin umrædda merkjavarða, þarð ekki sjest heim að Valdarási frá henni, nje hún sjáanleg frá Valdarási. Hin rjetta merkjavarða fyrir finst því ekki og virðist aldrei hafa verið hlaðin, en samkvæmt sáttagjörningi milli eigenda umræddra jarða á rskj. nr. 3, virðist merkjavarðan hafa átt að standa vestan til á Tunguási, skamt fyrir ofan og austan Ytri Langholtsenda. Spursmálið verður því hvar vestan á ásnun varðan átti eða ætti að standa. Rskj. nr. 3, 6 og 13 bera það með sjer, að merkjalínan milli jarðanna frá umræddri vörðu eigi að fylgja ásbrúnum svo langt suður, sem til þeirra sjest heiman að frá Valdarási. Rjetturinn hefir því samkvæmt þessu komist að þeirri niðurstöðu, að til þess að ná beinni línu eftir tjeðum ás-

brúnum, sem næst því, sem sjest heiman að frá Valdarási, ætti umrædd varða að standa 50 metra fyrir ofan stein þann, er dómendurnir undir áreiðinni hafa merkt með L. og sem stendur uppundan Ytri Langholtsenda.

Samkvæmt ofanrituðu verður rjetturinn, að komast að þeirri niðurstöðu, að landamerkin milli áðurgreindra jarða, sju úr Hesti í Steinaborg; úr henni beina línu upp í Tunguás í stein merktan L, þaðan sömu línu 50 metra upp ásin; þaðan beina línu suður ásbrúnirnar í miðjuna á kröglóttu móaholti rjett fyrir vestan Rústar- eða Tungukotstún, þaðan beina línu í norðvestur jaðar Sauðholts þar til hún sker beina línu sem dregin er um Hesthól frá vestri til austurs. — Samkvæmt staðháttum og hinum framlögðu skjölum verður hin umrædda merkjalína, eða merki, að vera sem að ofangreindir, með sjerstöku tilliti til þess, að ekki verður annað sjeð, en að eyðihýlið Rúst eða Tungukot hafi frá ómunatíð tilheyrt Viðidalstungu eigninni, og að áðurnefnt landamerkiabrief fyrir Valdarási frá 1890 rskj. nr. 13, sem sóknaraðili heldur fram, að aðeins sje undirritað af öðrum umboðsmanni eða umráðanda Viðidalstungu eignarinnar, hafi ekki gjört neina breytingu á þessu.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett, að borgun til dómenda, sem sje 110 kr. til sýslumanns Boga Brynjólfssonar, 110 kr. til dómarans Jónasar B. Bjarnasonar og 80 kr. til dómarans Magnúsar Jónssonar, eða samtals 300 krónur, greiðist að $\frac{1}{3}$ hluta eða með 100 kr. af sóknaraðiljum, en að $\frac{2}{3}$ eða með 200 kr. af varnaraðila. Að öðru leyti falli málskostaður niður.